

**Mætt: Hallur Jónasson, Andri Björgvin Arnþórsson, Lee Ann Maginnis, Stefán Sveinbjörnsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Aagot Óskarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Viktor Freyr Elísson, Jón Freyr Jóhannsson, og Signý Óskarsdóttir, sem ritaði fundargerð. Brynjar Þór Þorsteinsson, markaðsstjóri sat fundinn.**

**Fjarverandi: Jón Ólafsson, Ollý Björk Ólafsdóttir, Jón Ingi Smáráson og María Einarsdóttir.**

Fundur settur 15.10

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Ársfundur/aðalfundur Háskólans á Bifröst, miðvikudag 15. maí kl. 11 í Hátíðarsal.
  - a. Rektor fór yfir dagskrá árs- og aðalfundar sem verður haldinn 15. maí á Bifröst. Á fundinum verður skýrsla stjórnar og fulltrúaráðs kynnt. Einnig verður kynning á efnahag og rekstri dóttur- og hlutafélaga, fyrir árið 2012 sem tengjast rekstri skólans. Farið verður yfir rekstraráætlun og fjárfestingaáætlun 2013. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá verða lagaðar fram ásamt fleiri málum.
  - b. Undir þessum lið var Sigrún Lilja Einarsdóttir endurkosin sem fulltrúi háskólaráðs í fulltrúaráð skólans.
3. Nám er vinnandi vegur - auglýsing um styrki og umsókn Háskólans á Bifröst
  - a. Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsti eftir umsóknum um styrki til að efla starfsmenntun samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um átakið Nám er vinnandi vegur. Umsóknarfrestur er til 1. júní 2013. Háskólinn á Bifröst mun sækja um vegna samstarfsverkefnis aðila úr atvinnulífi, háskóla/skólum, framhaldskóla/skólum og e.t.v. framhaldsfræðslu þegar við á til þess að þróa, koma á laggirnar og tilrauna kenna námsbraut á 4. þrepi, með opnum leiðum til áframhaldandi náms á háskólastigi. Gert er ráð fyrir að námsbrautin verði tilraunakennd innan 2ja ára og að gerð sé grein fyrir rekstrargrundvelli í umsókn. Einar Svansson, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Jón Freyr Jóhannsson mynda verkefnahóp sem undirbýr umsókn vegna verkefnisins. Veittur verður einn samkeppnisstyrkur til verkefnis af þessu tagi, að hámarki 90 milljónir kr.
4. Tilraunaverkefni um aukið menntastig á Norðvesturlandi
  - a. Vilhjálmur Egilsson verðandi rektor var valinn formaður verkefnastjórnar vegna tilraunaverkefnis um aukið menntastig á Norðvesturlandi. Verkefninu er ætlað að efla samstarf menntastofnana á svæðinu og þróa leiðir til þess að auka menntun lítið menntaðra starfsmanna í ýmsum greinum og finna leiðir til þess að meta raunfærni þessara einstaklinga.
5. Opið hús uppstigningardag 9. maí  
Brynjar Þór Þorsteinsson fór yfir dagskrá opna dagsins 9. maí og staðsetningar viðburða. Kynning verður á öllum námsleiðum skólans, nemendafélagið kynni starfsemi sína, allir nemendaklúbbar skólans verða með kynningu, boðið

verður upp á stjörnuskoðun, hoppukastala, Lazer Tag, skipulagðar gönguferðir um svæðið. Nomos, Verus og Merkúr nemendafélög fagsviðanna ásamt frumkvöðlahóp kynna starfsemi sína. Séntilmenn ætla að selja álfinn fyrir SÁÁ og leikhópurinn Lotta kemur til að gleðja yngri kynslóðina og margt annað skemmtilegt.

Dagurinn var auglýstur víða á netmiðlum í blöðum og með fréttatilkynningum. Fram kom ábending um að gott væri að hafa bás með alþjóðatengslum og möguleikum um skiptináám. Ákveðið var að hafa það með í Hriflu.

Leikskólinn Hraunborg og Grunnskólinn á Varmalandi verða með kynningar og spjall. Að loknum degi verður öllum sem leggja deginum lið boðið í mat.

#### 6. Umsóknir/inntökur/markaðsmál

- a. Mikil aðsókn er að Háskólagáttinni og hefur Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir verið ráðin til þess að halda utan um faglega stjórn og umsjón nemenda. Einnig hefur verið ákveðið að bæta við 40% hlutfalli starfs- og námsráðgjafa.
- b. Aðsókn að háskóladeildunum er á svipuðu róli og á sama tíma í fyrra. Núna er verið að auglýsa grunnnámið, hverja línu fyrir sig á netmiðlum, í útvarpi og á „mini sites“. Fjarnámið mun verða auglýst alveg sér því það er annar markhópur. Menntaskólakynningar hafa gengið ágætlega.
- c. Næsta haust stefnir í að fjöldi nemenda í leikskólanum Hraunborg aukist verulega og er það í samræmi við aukna aðsókn að Háskólagáttinni.

#### 7. Önnur mál

- a. Rætt var um samkeppni í fjarnámi á Íslandi.
- b. Reglur um tekjur og innheimtu. Fjármálastjóri lagði fram tillögu að verklagi varðandi innheimtu staðfestingargjalds og skólagjalda. Tillagan og reglurnar samþykktar.
- c. Nemendafulltrúi kom með spurningu um af hverju má hlusta á tónlist í einhverjum prófum en ekki öðrum. Í F250- gátlista um próftöku í stað og fjarnámi stendur „Ipod og sambærilegar græjur eru ekki leyfilegar í lokuðum prófum“. Rætt um að samræma þurfi framkvæmd á þessu banni og að nemendur séu vel upplýstir.
- d. Rætt um öryggismottur undir leiktækjum á leiksvæðum og hvernig má búa til varnir vegna katta á opnum leiksvæðum. Rætt um að brýna reglur sveitafélagsins um dýrahald og skráningu gæludýra með lögmatum hætti.
- e. Rætt um opnunartíma kaffihússins um helgar og hvernig á að manna aukinn opnunartíma á álagstímum.
- f. Nemandi kom með fyrirspurn um hvort að skuldir nemenda við skólann séu að aukast. Það var staðfest af fjármálastjóra.